

AUGLÝSING

um formbreytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 739, 30. nóvember 1982,
er taki þegar gildi.

1. A2 Á eftir, „séu lampar fasviksjafnaðir“ komi: „sjá liði 3.4 og 3.5.“
2. Taxtinn C4 falli niður.
Notendur fari yfir á taxta A2 eða C1, sem allir eru jafnir að krónutölu.
3. Í stað taxtanna D1 — D8 komi þrjú hitataxtar, D1, D2 og D3.

D Hitun.

D1 Órofin hitun:	Orkugjald	1,19	kr/kWh
	Fast gjald	2 153,00	kr/ár

D2 Húshitun með rofi: Orkugjald 0,45 kr/kWh
Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. á dag við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D3 Næturhitun með rofi: Orkugjald 0,26 kr/kWh
Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.
Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru óbreytt að öðru leyti en því, að til viðbótar við síðustu málsgrein g) liðar komi:
„Þau falla undir gjaldskrárliði B, C eða E eftir því sem við á.“
Nýr liður h, orðist svo:
„Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102.“

4. Liður 3.6.
Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ¼ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
5. Liður 3.7.
Söluskattur 23,5% og 19% verðjöfnunargjald af raforku samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtunum.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.